

Titill: Sviðslistir í nútíð og fortíð

Skammstöfun: LEIK1AV05

Námsgrein: Leiklist

Viðfangsefni: Vinnuferli, viðfangsefni og starfsumhverfi í sviðslistum

Prep: 1

Einingafjöldi: 5

Forkröfur: Engar

Lýsing:

Viðfangsefni áfangans eru sviðslistir í víðu samhengi í nútíð og fortíð. Kynnt eru fyrir nemendum völd tímabil í leiklistarsögunni og skoðaðar eru senur úr völdum verkum frá þessum tímabilum. Nemendur fá yfirlit yfir starfsumhverfi, viðfangsefni og vinnuferli sviðslista í samtímanum. Nám í sviðslistum er skoðað, nemendur fara á valdar sýningar í stofnana-leikhúsum borgarinnar og hjá sjálfstæðum leikhúsum. Farið er í heimsókn í sviðslistastofnanir.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Muninum á sviðslistum og sviðssetningum í samfélagslegu samhengi.
- Mismunandi tegundum sviðslista í samfélaginu í dag.
- Muninum á stofnanaleikhúsi og sjálfstæðum leikhóp.
- Uppbyggingu sviðslistastofnana og sjálfstæðra leikhópa.
- Ferlinu sem liggur að baki leiksýningu.
- Umhverfinu sem sviðslistir spretta úr.
- Leikhúsinu sem vinnustað.
- Því námi sem liggur að baki menntun í sviðslistum.
- Ólíkum viðfangsefnum sviðslista.
- Mismunandi rými þar sem unnið er með sviðslistir

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Að skrifa á skapandi og uppbyggilegan hátt um sviðslistir
- Að ræða um sviðslistir á skapandi og uppbyggilegan hátt.
- Móta og þróa spurningar og vangaveltur um sviðslistir.
- Að afla sér upplýsinga um og ræða við fagfólk í sviðslistum.
- Horfa á sviðslistaverk með skapandi, uppbyggilegum og gagnrýnum hætti.
- Greina sviðslistaverk.
- Kynna hugmyndir sínar og vangaveltur um sviðslistir.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Fjalla um sviðslistir á skapandi og uppbyggilegan hátt í ræðu og riti.
- Leita sér upplýsinga um sviðslistir.
- Átta sig á ólíkum viðfangsefnum sviðslista.
- Skilja sviðsetningar og sviðslistir í samfélagslegu samhengi.
- Nýta sér margskonar miðla til að fjalla um sviðslistir á skapandi og gagnrýnninn hátt.

Námsmat

Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur. Áhersla er lögð á skapandi ígrundun í ritunarverkefnum og glærुकynningum sem gilda til lokaeinkunnar. Verkleg verkefni eru af ýmsu tagi og er skilað í lifandi kynningum með leiklistarívafi, sem hlaðvarpi eða á myndbandsformi.